

Verkefnislýsing heimildaritgerðar

Nemendur vinna heimildaritgerð um viðfangsefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Nemandi er þó heimilt að vinna rannsókn í samráði við leiðbeinanda að fengnu leyfi umsjónarkennara.

Um er að ræða einstaklingsverkefni, þar verkefni eða hópverkefni. Umfang verkefnis eykst að sama skapi með auknum fjölda í hóp.

Ritgerðin skal hafa hefðbundna uppsetningu með 5 köflum; Inngangi, þremur meginmálköflum og svo lokaorðum. Að sjálfsögð skal vitnað til heimilda og má segja að heimildalisti í lok verksins sé sjötti í síðasti kaflinn.

Yfirlit verkefnaskila:

8.september– eiga heimildalist og efnisgrind að vera klár.

Í viku 42 (17.október) – síðasti séns að skila leiðsagnarskilum.

17. nóvember – síðasti séns að skila lokaskilum verkefnis.

28.nóvember – Lokaverkefnisdagur, kynna og verja verkefnið ykkar.

Kröfur fyrir öll lokaverkefni:

- Nemandi velur sér umfjöllunarefni sem er innan áhugasviðs og endurspeglar námssval viðkomandi við skólann.
- Nemandi setur fram rannsóknarspurningu og tilgátu eða tilgátur sem leitast er við að svara í verkefninu. Verkefnið snýst svo um að svara þessari spurningu út frá nokkrum sjónarhornum.
- Verkefnið á að vera hið minnsta 2.500 orð fyrir einstaklingsverkefni og 3.500 orð fyrir paraverkefni (fyrir utan forsíðu, heimildaskrá og fylgiskjöl).
- Nota skal Times New Roman Arial eða Calibri letur í 12 punkta stærð með línubil 1,5

Heimildir:

- Vísa þarf jafnóðum til heimilda, setja tilvísanir fram með viðeigandi hætti og vísa til heimildaskrár. Halda þarf beinum tilvitnunum í algjöru lágmarki, einungis skal nota þær ef orðalag skiptir máli.
- Nota skal APA kerfið, sjá leiðbeiningar á vef HÍ eða HR.
- Vinnið þið heimildaskráningu jafnóðum. Ekki geyma það að setja inn tilvísanir og ekki setja bara inn linka. Þið munið þakka sjálfum ykkur fyrir það í vor.**

Einstaklingsverkefni (lágmark)	Paraverkefni /hópa (lágmark)
Að minnst kosti 8 gæða heimildir, þar af þurfa 2 vera ritrýndar.	Að minnst kosti 12 gæða heimildir, þar af þurfa 3 vera ritrýndar.

Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.	Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.
Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.	Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.

Sérstakar kröfur eftir gerð verkefna:

- Þegar nemandi skilar verkefninu verður að fylgja með sem fylgiskjal mat á áreiðanleika heimilda.
- Vanda skal alla uppbyggingu textans og hafa í huga þær kröfur sem gerðar eru um ritgerðarsmíð. Sjá upplýsingar á vef bókasafnsins og upplýsingar á vefjum HÍ og HR. Nánari upplýsingar um frágang er að finna á vef áfangans á Moodle.